

77

7. des.

L Ö G

um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar
vinninga í happdrætti Hallgrímskirkju.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinningur í happdrætti Hallgrímskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 28. maí 1943, skal vera undanþeginn álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

78

7. des.

L Ö G

um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar
vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinningur í happdrætti Laugarneskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 21. apríl 1943, skal vera undanþeginn álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.